

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. apríl 2013 í máli nr. E-3056/2012:

A

*(Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.)*

**gegn**

**íslenska ríkinu**

*(Óskar Thorarensen hrl.)*

### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl 2013 var höfðað 20. september 2012 af A ..., , Reykjavík, á hendur íslenska ríkinu.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð 1.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. október 2009 til 20. október 2012 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Til vara er þess krafist að stefnufjárhæð verði lækkuð verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

### II.

#### *Málsatvik*

Hinn 10. október 2009 kom til landsins með flugi ung kona, litháískur ríkisborgari. Fljótlega eftir komu hennar vaknaði sá grunur að hún væri fórnarlamb mansals og að hún hefði verið send til Íslands til að stunda vændi.

Sambýlismaður stefnanda og fimm litháískir ríkisborgarar voru handteknir í tengslum við rannsókn málsins og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Hinn 29. desember 2009 var gefin út ákæra á hendur sambýlismanninum þar sem honum var, ásamt

hinum fimm, gefið að sök mansal gagnvart konunni. Var brotið talið varða við 1. tölul. 1. mgr. 227. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 8. mars 2010 var sambýlismaðurinn sýknaður af kröfum ákærvaldsins þar sem sakir hans þóttu ekki sannaðar. Dóminum var ekki áfrýjað hvað hann varðar. Aðrir ákærðu voru hins vegar sakfelldir og var sú niðurstaða staðfest með dómi Hæstaréttar 16. júní 2010 í máli nr. 224/2010.

Vegna rannsóknar málsins var stefnandi málsins handtekin á heimili sínu, gerð þar húsleit, lagt hald á muni, aflað var upplýsinga um símanúmer sem hringt var í og móttækin símtöl, símahlustun gerð og bankaleynd aflétt. Með fjórum úrskurðum Héraðsdóms Reykjaness á tímabilinu 19.-23. október 2009, voru lögreglu veittar heimildir fyrir fyrrgreindum aðgerðum.

Með úrskurði héraðsdóms 19. október 2009 var lögreglu heimilað að afla upplýsinga frá símfyrirtækjum um úr og í hvaða símanúmer hringt hefði verið úr og í símanúmer sem stefnandi hafði í eigu sinni eða umráðum sínum frá 1. ágúst sama ár til úrskurðardags. Jafnframt var lögreglu með úrskurði sama dag heimilað að hlusta og hljóðrita símtöl í og úr símanúmerum stefnanda frá og með úrskurðardegi. Í úrskurðinum er símahlustun ekki markaður tími, en í dómkröfum lögreglu var farið fram á hlustun frá uppkvaðningu úrskurðar 19. október til og með 16. nóvember 2009. Í beiðnum um þessar aðgerðir kom fram að rannsóknin beindist meðal annars að ætluðu mansali og tryggingasvikum.

Þá var lögreglu með úrskurði 19. október 2009 enn fremur heimiluð húsleit á heimili stefnanda og sambýlismanns hennar. Í forsendum þess úrskurðir segir að *Lögregla telji rökstuddan grun til að ætla að bókhald fyrirtækja, kærða Sigurjóns, sé að finna á heimilum þeirra auk þess sem kærða, A, sjái um bókhald fyrirtækjanna. Þá telji lögreglan rökstuddan grun til að ætla að á heimili þeirra kunnri að finnast munir eða gögn sem geti fært sönnur á hina ætluðu skipulögðu glæpastarfsemi.*

Með úrskurði héraðsdóms 23. október 2009 var lögreglu, með vísan til 58. gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki., sbr. 1. mgr. 54. gr. og 1. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, heimilaður aðgangur að öllum upplýsingum um bankareikninga sem skráðir væru á stefnanda, þar með taldar upplýsingar um innlagnir og úttektir, gjaldeyris- viðskipti og öll skjöl tengd þeim færslum, á tímabili frá 1. október 2007 til 23. október 2009. Í forsendum úrskurðarins kemur m.a. fram að lögreglustjóri telji miklu skipta fyrir áframhaldandi rannsókn málsins að fengin sé heimild til hinna umbeðnu rannsóknaraðgerða svo unnt verði að upplýsa málið *og finna út hvort og hvernig kærða tengist hinni ætluðu skipulögðu glæpastarfsemi eins og rökstuddur grunur sé til að ætla og þá við hverja kærða hafi verið í tengslum vegna þess.*

Stefnandi í máli þessu var handtekin á heimili sínu þann 20. október 2009 kl. 14:40 þegar áðurgreind húsleit fór fram vegna gruns um aðild hennar að fyrrgreindu mansalsmáli sem lögreglan hafði til rannsóknar, auk gruns um peningabætti, tryggingasvik og hugsanlega önnur brot tengd því.

Samkvæmt húsleitarskýrslu lögreglu hófst húsleitin kl. 14:30 og var henni lokið kl. 16:00 sama dag. Við húsleitina var lagt hald á tölvur, farsíma og bókhaldsgögn eins og nánar greinir í munarskýrslu lögreglu. Í kjölfar húsleitar var stefnandi færð til skýrslutöku hjá lögreglu sem hófst kl. 16:51 og var skýrslutöku lokið kl. 18:08 og stefnandi látin laus. Samkvæmt lögregluskýrslu var ástæða handtöku tilgreind sú að koma í veg fyrir að sönnunargögnum yrði spillt.

Þann 15. desember 2009 tilkynnti lögregla stefnanda að rannsókn málsins vegna ætlaðrar aðildar hennar hefði verið hætt og málið fellt niður.

### III.

#### *1. Málsástæður og lagarök stefnanda*

Af hálfu stefnanda er á því byggt að hún eigi rétt á miskabótum skv. 1. og 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Telur stefnandi að ákvæðið mæli fyrir um hlutlæga bótaskyldu hins opinbera. Stefnandi telur einnig að túlka beri undantekningarákvæði 2. másl. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 þröngt í ljósi 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár. Sú túlkun sé einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Ekkert hafi komið fram í málinu sem réttlætt geti lækkun eða niðurfellingu bóta.

Stefnandi telur að samkvæmt rannsóknargögnum lögreglu sé ekkert sem tengi stefnanda við ætluð brot sem lögregla grunaði hana um, annað en að lögregla hafi grunað starfsmenn fyrirtækis sem væri í hennar eigu og sambýlismanns hennar um aðild að greindum brotum. Í því sambandi hefur stefnandi sérstaklega tekið fram að hún hafi séð um bókhald, reikningsgerð, útreikning launa og venjuleg skrifstofustörf fyrirtækjanna, en ekki setið í stjórn þeirra.

Telur stefnandi það ekki nægjanlegt til þess að rökstuddur grunur sé fyrir hendi um meint brot hennar.

Kröfur sínar um bætur byggir stefnandi í fyrsta lagi á því að hún eigi rétt á miskabótum vegna ólögðrætrar handtöku. Telur stefnandi að skilyrði 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 hafi ekki verið uppfyllt við handtöku hennar. Handtaka þurfi að vera nauðsynleg svo hún sé heimil. Samkvæmt handtökuskýrslu lögreglu hafi ástæða handtöku verið tilgreind sú að koma í veg fyrir að sönnunargögnum yrði spillt. Samkvæmt meðalhöfsreglu 3. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008, skuli þeir sem rannsaka sakamál gæta þess að mönnum verði ekki gert meira tjón, óhagræði eða miski en óhjákvæmilegt sé eftir því sem á stendur. Óþarfi hafi verið að handtaka hana og ádurgreind sjónarmið um meðalhóf hefðu átt að leiða til þess að í stað þess að handtaka stefnanda hefði nægt að boða hana til skýrslutöku vegna mögulegra brota, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 88/2008.

Í öðru lagi telur stefnandi að hún eigi rétt á bótum vegna ólögðrætrar húsleitar lögreglu og að skilyrði ákvæða 74. gr., sbr. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 88/2008,

um rökstuddan grun og augljósa rannsóknarhagsmuni hafi ekki verið uppfyllt í tilviki hennar.

Í þriðja lagi er á því byggt af hálfu stefnanda að hún eigi rétt á miskabótum vegna haldlagningar muna, á þeim grundvelli að skilyrði 1. mgr. 68. gr. laga nr. 88/2008 hafi ekki verið uppfyllt. Er á það bent að samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sömu greinar skuli beina því til eiganda eða vörsluhafa munarins að veita aðgang að honum eða láta í té upplýsingar, sem hann hafi að geyma, án þess að leggja þurfi hald á muninn, sé þess kostur að tryggja sönnun í því skyni sem segir í 1. mgr. Enn fremur sé óljóst hvaða ástæður hafi legið að baki haldlagningu allra þeirra muna sem lagt var hald á. Stefnandi var grunuð um aðild að mansalsmáli, tryggingasvikum o.fl. M.a var lagt hald á töluvert magn af hljóð- og mynddiskum. Óljóst sé hvernig þeir munir geti tengst meintu broti stefnanda.

Í fjórða lagi er á því byggt að stefnandi eigi rétt á miskabótum vegna símahlustunar. Krafa lögreglunnar um símasamskipti hafi byggst á 80. og 81., sbr. 83. gr. laga nr. 88/2008. Samkvæmt 84. gr. laganna þurfi úrskurð dómara fyrir þeim aðgerðum sem taldar eru upp í 80.-82. gr. Í úrskurði skuli heimild til aðgerðar markaður ákveðinn tími sem ekki megi vera lengri en fjórar vikur hverju sinni, sbr. 3. mgr. 84. gr. Tveir úrskurðir Héraðsdóms Reykjaness liggja fyrir um símasamskipti stefnanda. Annars vegar hafi lögreglustjóranum á Suðurnesjum verið heimilað að hlusta og hljóðrita símtöl úr og í símanúmer sem stefnandi hafi í notkun eða hafi haft umráð yfir og jafnframt heimilað að nema SMS sendingar og hlusta og hljóðrita samtöl við talhólf umræddra númera á sama tíma, sbr. úrskurð Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. R-525/2009, dags. 19. október 2009. Aðgerðinni hafi ekki verið markaður tiltekinn tími í úrskurðinum eins og mælt væri fyrir um í 3. mgr. 84. gr. laga nr. 88/2008. Í ljósi þess hve þýngjandi aðgerð símahlustun væri, væri mjög mikilvægt að aðgerðinni væri markaður eins skammur tími og unnt væri. Hins vegar hafi viðkomandi símafyrirtækjum með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, dags. 19. október 2009 í málinu nr. R- 535/2009 verið gert skylt að veita Lögreglustjóranum á Suðurnesjum upplýsingar um úr og í hvaða símanúmer hringt var úr og í símanúmer sem [stefnandi] hefur í eigu sinni eða umráðum frá 1. ágúst 2009 til uppkvaðningar úrskurðarins. Samkvæmt síðargreindum úrskurði Héraðsdóms Reykjaness hafi aðgerð lögreglunnar á Suðurnesjum verið markaður 11 vikna tímarammi. Lögreglunni hefði verið í lófa lagið að leita aftur úrskurðar héraðsdóms hefði fyrri úrskurður ekki nægt. Óeðlilegt sé að marka aðgerðum sem þessum svo langan tímaramma.

Í fimmta lagi er á því byggt að stefnandi eigi rétt á miskabótum vegna afnáms bankaleyndar. Krafa lögreglustjórans á Suðurnesjum hafi byggst á 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Af nám bankaleyndar sé mikið inngríp í einkalíf stefnanda, enda hafi með henni fengist upplýsingar um alla bankareikninga sem skráðir væru á stefnanda, þar með taldar upplýsingar um innlagnir og úttektir og öll skjöl tengd slíkum færslum. Með hliðsjón af áðurgreindum meðalhófssjónarmiðum hefði verið eðlilegra að óska eftir umræddum upplýsingum frá stefnanda.

Í vitnaskýrslu lögreglu fyrir dómi kom m.a. fram að rannsókn málsins hefði verið umfangsmikil. Lögregla hafi haft rökstuddan grun um að stefnandi tengdist rannsókn málsins í gegnum sambýlismann hennar þar sem stefnandi hafi annast bókhald fyrirtækjanna SR-eigna og SR-holding sem sambýlismaðurinn var í

fyrirsvari fyrir. Aðgerðir lögreglu gagnvart stefnanda hafi verið til þess að varpa eins skýru ljósi á starfsemi félaganna og unnt var og leitast hafi verið við að finna út hvað væri að gerast í samskiptum stefnanda og sambýlismanns hennar. Lögreglan hafi m.a. verið að leita að skipuleggjanda mansalsins og á tímabili talið hugsanlegt að stefnandi hafi átt þar hlut að máli.

## *2. Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að allar aðgerðir lögreglu hafi verið bráðnauðsynlegar, lögmætar og eins vægar og unnt var. Stefnandi eigi enga bótakröfu á hendur stefnda hvorki á grundvelli 1. og 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 né á grundvelli annarra réttarheimilda, m.a. sakarreglu, meginreglum skaðabótaréttar og skaðabótalaga nr. 50/1993 eða stjórnarskrá. Þá er því mótmælt að 228. gr. laga nr. 88/2008 feli í sér hlutlæga bótaskyldu hins opinbera.

Telur stefndi að full skilyrði og nauðsyn hafi verið til að handtaka stefnanda umræddan dag og að öllum skilyrðum XIII. kafla laga nr. 88/2008, þ.m.t. 90. gr. laganna hafi verið fullnægt. Er því mótmælt að lögregla hafi brotið meðalhófsreglu, sbr. 3. mgr. 53. gr. sömu laga. Þvert á móti hafi lögregla gætt hófs í öllum sínum aðgerðum. Lögregla hafi haft rökstuddan grun um að stefnandi tengdist hinu umrædda máli í gegnum sambýlismann sinn, enda hafi legið fyrir að hún hafi annast bókhald fyrirtækja hans. Vísar stefndi í því sambandi til framburðar stefnanda hjá lögreglu varðandi vitneskju um ferðir sambýlismanns hennar og samskipti við dómfellða í málinu ættaða frá Litháen. Rannsókn lögreglu hafi enn fremur lotið að ætluðum tryggingasvikum, þ.e. fasteign sem hafi verið skráð eign félags í eigu sambýlismanns stefnanda. Auk þess hafi lögregla haft rökstuddan grun um að brotþoli lögreglurannsóknarinnar hafi verið í haldi í húsnæði á vegum fyrirtækja sambýlismannsins við Vesturvör og Hafnarbraut í Kópavogi. Þá hafi lögreglu borist upplýsingar um meinta aðild sambýlismannsins að rekstri vændishúss í Reykjavík. Bendir stefndi á að stefnandi hafi verið í haldi lögreglu í stuttan tíma. Húsleit hafi byrjað kl. 14:30 og verið lokið kl. 16:00. Yfirheyrsla hjá lögreglu hafi byrjað kl. 16:51 og lokið kl. 18:08. Aðgerðir lögreglu hafi því tekið eins skamman tíma og hugsast gat. Er því mótmælt að lögregla hafi beitt valdi sínu af óhófi.

Stefndi bendir á að sambýlismaður stefnanda hafi setið í gæsluvarðandi í þágu rannsóknar málsins frá 21. október 2009 til 11. nóvember s.á. og að hann hafi um tíma vitað hvar brotþoli lögreglurannsóknarinnar var vistaður á vegum dómfelldu, en hafi síðar bent lögreglu á staðinn.

Stefndi mótmælir því að húsleitinn hafi verið ólögmæt. Hún hafi verið algerlega nauðsynleg og stuðst við úrskurð héraðsdóms 19. október 2009. Öllum skilyrðum húsleitar hafi verið fullnægt, m.a. skv. X. kafla laga nr. 88/2008, m.a. 74. og 75. gr. svo og skilyrðum laganna um rökstuddan grun.

Stefndi byggir á því að skilyrðum laga um haldlagningu muna hafi verið fullnægt að öllu leyti. Er því mótmælt að hægt hefði verið að beita öðrum aðferðum við haldlagningu og öllum sjónarmiðum stefnanda um það mótmælt. Í þágu rannsóknarinnar hafi verið algerlega nauðsynlegt að haldleggja alla þá muni sem

haldlagðir voru. Er í því sambandi vísað til þess að um sameiginlega muni stefnanda og sambýlismanns hennar hafi verið að ræða.

Stefndi tekur fram að vegna rökstudds gruns um aðild og vitneskju stefnanda að málinu hafi verið farið fram á símaupplýsingar, símahlustun og afnám bankaleyndar á hendur stefnanda. Er öllum athugsemdum stefnanda vegna símaupplýsinga, símhlustunar og öðru er því tengist mótmælt og á því byggt að fullnægt hafi verið öllum skilyrðum XI. kafla laga nr. 88/2008. Um þau ummæli stefnanda að símhlustun hafi ekki verið markaður tími, vísar stefndi til úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness 19. október 2009 og tekur fram að svo virðist sem þetta atriði hafi gleymst að taka fram í úrskurðinum. Þess beri þó að geta að krafa lögreglustjórans á Suðurnesjum hafi borið með sér tímamark, þ.e. til 16. nóvember 2009, sem hafi verið sá tími sem hlustunin hafi náð til. Mótmælir stefndi bótakröfu stefnanda samkvæmt þessum lið og telur engin skilyrði til að dæma bætur vegna þessa.

Þá er því mótmælt að skilyrði séu til þess að dæma bætur á grundvelli ákvæða 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár, 228. gr. laga nr. 88/2008 og b-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá er því mótmælt að brotið hafi verið gegn 71. gr. stjórnarskrár.

Varakrafa stefnda byggist á því að bótakrafa stefnanda sé ekki í neinu samræmi við dómaframkvæmd og sé allt of há. Stefnandi hafi aðeins verið í haldi lögreglu í nokkrar klukkustundir. Þá er því mótmælt að stefnandi eigi rétt til vaxta eða dráttarvaxta frá 20. október 2009. Skaðabótakrafa hafi ekki verið höfð uppi fyrr en með stefnu í málinu. Samkvæmt því ættu dráttarvextir fyrst að reiknast mánuði eftir að stefna var birt, ef fallist verður á þá kröfu stefnanda, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001.

#### IV.

##### *Niðurstæða*

Stefnandi í máli þessu krefst miskabóta vegna ólögmatrar handtöku, húsleitar, haldlagningar muna, símahlustunar og vegna afnáms bankaleyndar. Krafan byggist á 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 1. og 2. mgr., sbr. 5. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í 228. gr. laga nr. 88/2008, er mælt fyrir um skilyrði skaðabóta. Samkvæmt 2. mgr. greinarinnar, er heimilt að dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.- XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. greinarinnar eru fyrir hendi, þ.e. ef maður hefur verið borinn sökum í sakamáli, en mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi, án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann hafi verið talinn ósakhæfur. Ákvæði um heimild til handtöku eru í XIII. kafla

laganna, um heimild til húsleitar í X. kafla laganna, hald á munum í IX. kafla og símhlustun í XI. kafla. Ákvæði um heimild til afnáms bankaleyndar byggjast á ákvæðum 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 er lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra, ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. laga nr. 88/2008, er heimilt að leita í húsum sakbornings í því skyni að handtaka hann, rannsaka andlag brots og önnur ummerki eða hafa uppi á munum sem hald skal leggja á. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar er heimilt að leita í húsum annars manns en sakbornings þegar brot hefur verið framið þar eða sakborningur handtekinn þar. Einnig ef rökstuddur grunur leikur á að sakborningur haldi sig þar eða þar sé að finna muni sem hald skal leggja á. Skilyrði þess að unnt sé að framkvæma húsleit er að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt geti ákæru og sakborningur hafi verið þar að verki, enda séu augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi. Það er enn fremur skilyrði húsleitar samkvæmt 2. mgr. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur fangelsisrefsingu að lögum.

Í 1. mgr. 68. gr. laga nr. 88/2008, er mælt fyrir um að leggja skuli hald á muni, þar á meðal skjöl, ef ætla má að þeir, ellegar hlutir eða upplýsingar sem þeir hafa að geyma, hafi sönnunargildi í sakamáli, að þeirra hafi verið aflað á refsiverðan hátt eða að þeir kunni að verða gerðir upptækir.

Um heimildir til aðgangs að upplýsingum um bankareikninga er mælt fyrir um í 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 54. gr. laga nr. 88/2008.

Fram er komið að ástæður þess að stefnandi var handtekin á heimili sínu þann 20. október 2009, húsleit þar framkvæmd og í kjölfarið tekin skýrsla af henni hjá lögreglu voru þær að lögregla hafði rökstuddan grun um að bókhald fyrirtækja sambýlismanns stefnanda væri að finna á heimili þeirra, auk þess sem upplýst væri að stefnandi hefði séð um bókhald fyrirtækjanna. Lögregla hafi haft rökstuddan grun um á heimili þeirra fyndust munir eða gögn sem fært gætu sönnur á hina ætluðu skipulögðu glæpastarfsemi. Eins og fram kemur í handtökuskýrslu lögreglu var tilgangur handtöku sá að koma í veg fyrir að sönnunargögnum yrði spillt. Samkvæmt gögnum málsins var stefnandi handtekin kl. 14:40 við húsleit lögreglu á heimili hennar. Að lokinn húsleit kl. 16:00 var stefnanda gert að mæta í skýrslutöku hjá lögreglu, er hófst kl. 16:51 og var lokið kl. 18:08. Þá liggur fyrir að lagt var hald á tölvubúnað, farsíma, vinnuskýrslur, minnisblöð og skattframtöl við leit á heimili stefnanda.

Samkvæmt úrskurðum héraðsdóms 19. október 2009 var lögreglu veitt heimild til að afla upplýsinga frá símafyrirtækjum um símanotkun stefnanda frá 1. ágúst til úrskurðardags. Þá var einnig heimilað að hlusta og hljóðrita símtöl í og úr símanúmerum stefnanda til og með 16. nóvember 2009. Í beiðnum um þessar aðgerðir kom fram að rannsóknin beindist m.a. að ætluðu mansali og að grunur væri um að stefnandi tengdist málinu og ætti aðild að því. Þá hefði lögregla

rökstuddan grun um að stefnandi gæti tengst verulegum tryggingasvikum.

Samkvæmt 1. mgr. 80. gr. laga nr. 88/2008, er heimilt í þágu rannsóknar að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að veita upplýsingar um símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, tölvu eða annars konar fjarskiptatæki, að fullnægðum skilyrðum 83. gr. sömu laga. Þá er í 1. mgr. 81. gr. sömu laga m.a. mælt fyrir um heimild í þágu rannsóknar til að leggja fyrir fjarskiptafyrirtæki að leyfa að hlustað sé á eða tekin séu upp símtöl eða önnur fjarskipti við tiltekinn síma, m.a. að fullnægðum skilyrðum 83. gr. laganna.

Þau skilyrði sem 83. gr. laganna mælir fyrir um eru að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáið með þeim hætti. Auk þess sem þau skilyrði þurfa að vera fyrir hendi svo gripað verði til aðgerða skv. ákvæðum 81. gr. að rannsókn beinist að broti sem varðað geti að lögum átta ára fangelsi ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

Í vitnaskýrslu lögreglumanns sem kom að rannsókn málsins kom m.a. fram að lögregla hefði haft rökstuddan grun um að stefnandi tengdist rannsókn málsins í gegnum sambýlismann sinn, þar sem hún hefði annast um bókhald fyrirtækja hans, auk þess sem það hefði verið afstaða þeirra sem að rannsókn málsins komu að sambýlismaður stefnanda hefði ekki haft forsendur til þess að geta rekið fyrirtækin sjálfur án aðstoðar. Þess vegna hefðu spjótin beinst að stefnanda og þeim möguleika að hún væri skipuleggjandinn. Auk þess liggur fyrir að rannsóknaraðgerðir lögreglu beindust að meintum tryggingasvikum í tengslum við fasteign í eigu sambýlismanns stefnanda. Aðgerðir lögreglu gagnvart stefnanda hefðu verið í því skyni að varpa eins skýru ljósi á starfsemi fyrirtækja sambýlismannsins og kostur væri, kanna hvort Litháar sem málið varðaði hefðu þegið laun frá fyrirtækjum hans og finna út hvað gerðist í samskiptum sambýlismannsins og hugsanlega stefnanda í máli þessu. Á hinn bóginn hafi ekki verið beinlínis grunur um refsiverða háttsemi stefnanda, en vegna þess að stefnandi hefði séð um bókhald fyrirtækjanna hefði rannsóknin einnig beinst að henni. Ekkert hafi á hinn bóginn legið fyrir um samskipti stefnanda við Litháana sem síðar voru dæmdir í málinu.

Þegar atvik málsins eru virt, eins og þau horfðu við þeim sem með rannsókn málsins fóru á þeim tíma er stefnandi var handtekin, verður að líta svo á að umræddar aðgerðir lögreglu hafi verið eðlilegar og lögmætar. Ekki verður fallist á með stefnanda að handtakan, húsleitin, haldlagning muna eða afnám bankaleyndar, eins og framkvæmd þessa var háttað, hafi ekki verið í samræmi við greindar reglur. Ekki verður fallist á að þetta hafi á einhvern hátt verið óeðlilegt eða valdi beitt af óhófi, eins og haldið hefur verið fram, þegar litið er til þess að um var að ræða alvarlegt mál sem tengdist fyrirtæki sambýlismanns stefnanda og starfsmönnum sem þar störfuðu. Einnig er þetta ekki óeðlilegt í ljósi þess að upplýst er að stefnandi starfaði hjá fyrirtækinu og hafði umsjón með bókhaldi þess og launamálum, eins og fram kom í skýrslu hennar fyrir dómi. Þá verður ekki fallist á að skilyrði fyrir haldlagningu muna hafi ekki verið fullnægt. Verður að fallast á það með stefnda að aðgerðir lögreglu hafi verið nauðsynlegar og eins vægar og unnt var miðað við atvik málsins.

Fyrir liggur að stefnandi hafði stöðu sakbornings við rannsókn málsins til 15. desember 2009 er henni var tilkynnt að rannsókn vegna ætlaðrar aðildar hennar hefði verið hætt og málið fellt niður. Á stefnandi því, með vísan til 1. málsl. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, rétt á bótum úr hendi stefnda. Ber því að bæta henni þann miskabætur, sem telja má að hún hafi hlotið vegna handtöku, húsleitar, símahlustunar, haldlagningar muna og afnáms bankaleyndar, enda verður hvorki litið svo á að hún hafi valdið né stuðlað að þessum aðgerðum lögreglu. Að virtum atvikum málsins þykja miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar 50.000 kr. Ber stefnda að greiða henni þá fjárhæð með vöxtum og dráttarvöxtum eins og krafist er í stefnu í samræmi við lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu og eru því ekki efni til að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar sem er því felldur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, sem er málflutningsþóknun lögmans hennar auk útlagðs kostnaðar þykir hæfilega ákveðinn 990.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

### **DÓMSORD:**

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 50.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. október 2009 til 20. október 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hennar, 990.000 krónur.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)